

			kr.	a.	99
	Flyt	1877	50		
4. Eptirstöðvar við árslok 1882:	kr.	a.			
a. Í ríkisskuldabrfjum.....	2500	»			
b. Í veðskuldabrfjum	4750	»			
c. Óborgaðir vextir	32	»			
d. Óborgað búnaðarskólagjald	162	14			
			7444	14	
	Gjöld alls		9321	64	

Reykjavík 1. júní 1883.

Magnús Stephensen,
settur.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um að- 100
flutningsgjald af vínföngum, sem ætluð eru til skipsforða. — Með póknanlegu brjefi 31. ágúst.
yðar, herra sýslumaður, dags. 17. f. m., hafið þjer sent mjer með ummælum yðar erindi
N. Chr. Grams kaupmanns, þar sem hann fer þess á leit að fá endurgoldnar 215 kr. 40 a.,
sem hann samkvæmt kröfu yðar hefur greitt í aðflutningsgjald af vínföngum, sem flutt-
ust með skipinu «Gardar», en voru ætluð til skipsforða handa 3 fiskiskipum hjer
við land.

Útaf þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður til póknanlegrar leiðbeiningar og birt-
ingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður samdóma um, að aðflutningsgjalds hafi með
rjettu verið krafizt af ofangreindum vínföngum, og að jeg því eigi sje mjer fært að verða
við beiðni Grams kaupmanns, þeirri er hjer ræðir um.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sameigin- 101
legan búnaðarskóla á Hólum í Hjaltadal. — Í póknanlegu brjefi, dags. 12. júní þ. á. 26. sept.
hafið þjer, herra amtmaður, í nafni amtsráðsins borið það undir úrskurð minn, hvort fá
skuli sýslunefndunum í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu, samkvæmt beiðni þeirra, til
umráða tiltölulegan hluta þessara sýslna úr búnaðarskólasjóðnum og leyfa, að búnaðar-
skólagjaldið renni framvegis beint til þeirra, með tilliti til þess, að ráðgjört er, að sýslur
þessar gangi í samband við Skagafjarðarsýslu um sameiginlegan búnaðarskóla á Hólum
í Hjaltadal.

Útaf þessu vil jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, að jeg er yður samdóma
um, að eigi sje tiltækilegt að verða við ofannefndri beiðni sýslunefndanna, fyrr en
samningur er á kominn milli sýslanna um skólahaldið, sem sje samþykktur á löglegan
hátt af hverri sýslunefndinni fyrir sig.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Austur-Skaptafellssýslu um að verja megi hluta sýslu þess-
arar, 170 kr., til að kaupa fyrir jarðyrkjuverkfæri til útbytingar meðal hreppa sýslunnar.

Jóni Sigfússyni frá Núpufelli veittur eptir tillögu amtsráðsins í norður- og austuramtinu 600
kr. styrkur til að ljúka búfræðisnámi sínu á búnaðarskólanum á Tvedt í Noregi.